

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársreikningur fyrir árið 1999

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	2.-5.
Áritun endurskoðenda	6.
Efnahagsreikningur.....	7.
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	8.
Sjóðstreymi	9.
Skýringar	10. - 15.
Annual Report.....	16. - 22.

Skýrsla stjórnar fyrir árið 1999

Árið 1999 var 25. starfsár Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en hann hóf starfsemi 26. september 1974. Hét hann þá Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda en Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda tók við réttindum og skyldum Biðreikningsins þann 1. janúar 1981.

Nýjar samþykktir um sjóðinn.

Mikil vinna var lögð í að aðlaga starfsemi Söfnunarsjóðsins að því nýja umhverfi sem skapaðist í kjölfar nýrra laga um starfsemi lífeyrissjóða. Fólst það einkum í að setja Söfnunarsjóðnum nýjar samþykktir, yfirfara réttindi o.fl. Nýjar samþykktir tóku gildi þann 1. október 1999. Starfsemi Söfnunarsjóðsins byggir nú á lögum nr. 155/1998 sem er almennur lagarammi um starfsemi sjóðsins svo samþykktum sem eru nánari útfærsla á lögnum um sjóðinn svo og aðlögun að almennu lögnum um starfsemi lífeyrissjóða. Við gildistöku nýju samþykktanna urðu nokkrar breytingar á réttindareglum sjóðsins. Snúa þær einkum að því að skili traustri stöðu til sjóðfélaga.

Séreignardeild.

Árið 1999 var fyrsta starfsár séreignardeildar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Hlutverk hennar er að taka við viðbótarsparnaði sjóðfélaga og þeirra sem þess óska. Er deildin leið fyrir þá sem kjósa að leggja til hliðar 2%, til viðbótar við þau 4% sem skylt er að greiða til lífeyrissjóða, og heimilt er að draga frá skatti. Samkvæmt reglum um séreignardeildir lífeyrissjóða er skylt að halda rekstri þeirra fjárhagslega aðskildum frá annarri starfsemi. Í því skyni var ákveðið, eftir útboð meðal fyrirtækja á fjármagnsmarkaði, að semja við Búnaðarbanka Íslands Verðbréf, um ávöxtun fjármuna deildarinnar. Jafnframt var gerður samningur við bankann um fjárvörslu fyrir hluta af fjármunum samtryggingardeildarinnar. Í bókhaldi sjóðsins er séreignarhlutinn algerlega aðskilinn frá bókhaldi samtryggingardeildarinnar og fer með mismunandi réttindahluta sjóðfélaga. Rekstur deildarinnar gekk vel. Boðið er upp á eina ávöxtunarleið og skilaði hún góðri ávöxtun til sjóðfélaga eða 22,3% nafnávöxtun.

Tryggingafræðileg athugun.

Staða sjóðsins er sterk og réttindi traust. Ákveðið var að leggja mat á stöðu sjóðsins miðað við árslok 1999. Samkvæmt því eru heildareignir hans umfram skuldbindingar, að teknu tilliti til skuldbindinga vegna framtíðariðgjalda og núvirðingar eigna miðað við 3,5% raunvexti 1,4 mia.kr. Eru það um 8,1% af hreinni eign til greiðslu lífeyris í árslok 1999. Niðurstæða miðað við árslok 1998 var 3,0 mia.kr. eða 20,2% af hreinni eign í árslok 1998. Staða Söfnunarsjóðsins hefur ekki versnað sem þessu nemur heldur skýrist breytingin af því að á síðasta ári voru réttindi sjóðfélaga aukin með því að hækka stig sjóðfélaga sérstaklega. Frá og með 1. janúar 1999 voru öll stig hækkuð um 15%. Lífeyrisgreiðslur voru auknar samsvarandi. Við gildistöku nýrra samþykpta voru réttindin aukin á ný um 20% en margföldunarstuðlar voru lækkaðir. Raunhækkun elli- og örorkulífeyris þá var hins vegar 10%. Með þessu var stjórn Söfnunarsjóðsins að skila hluta þeirra eigna sem voru umfram skuldbindingar til sjóðfélaga. Staða sjóðsins er áfram traust og réttindi sjóðfélaga sjóðsins ein þau bestu meðal samtryggingasjóða sem njóta ekki ábyrgðar launagreiðanda.

Innheimta iðgjalda.

Samkvæmt almennum lögum um starfsemi lífeyrissjóða fær Söfnunarsjóðurinn viðtækara hlutverk en hann hefur haft með höndum til þessa. M.a. er gert ráð fyrir að sjóðurinn annist innheimtu iðgjalda þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa hvorki greitt í lífeyrissjóð né tilgreint lífeyrissjóð í skattframtali. Til þess að sinna þessu hlutverki hefur verið unnið mikið starf á árinu 1999. Gert var ráð fyrir að innheimtan hæfist á árinu 1999 vegna launa ársins 1998. Af ýmsum ástæðum einkum vegna samkeyrslu gagna, upplýsingagjöf frá ríkisskattstjóra o.fl. hefur innheimtan ekki farið af stað eins og til var ætlast. Verið er að leita leiða um þessar mundir til þess að finna málinu farveg og vinnur nefnd fulltrúa Landsamtaka lífeyrissjóða, ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytisins að lausn málsins. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda hefur lagt í mikla vinnu til þess að aðlaga starfsemi sjóðsins sem allra best að markmiðum laganna. Búið var móta ferill málsins innan sjóðsins í samvinnu við fjármálaráðuneyti, Landsamtök lífeyrissjóða og ríkisskattstjóra.

Rekstur lífeyrissjóðs Leigubifreiðarstjóra.

Á síðasta ári samþykkti stjórn Söfnunarsjóðsins að yfirtaka rekstur lífeyrissjóðs Leigubifreiðarstjóra. Þann 1. janúar 2000 yfirtók Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda eignir og skuldbindingar lífeyrissjóðs Leigubifreiðarstjóra. Frá sama tíma greiðir Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda lífeyrisþegum lífeyrissjóðsins lífeyri. Réttindi lífeyrissjóðs Leigubifreiðarstjóra miðast við þau réttindi sem sjóðfélagar Söfnunarsjóðsins njóta. Vænta má að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga Lsj. Leigubifreiðarstjóra nokkuð. Endanleg niðurstaða fæst þegar sjóðirnir hafa lokið ársuppgjörum sínum fyrir árið 1999.

Árið 2000.

Allur hugbúnaður hjá sjóðnum stóðst fullkomlega ártalið 2000 og var rekstur sjóðsins áfallalaus í upphafi nýs árpúsunds. Mikil vinna var lögð í það að tryggja það að vél- og hugbúnaður sjóðsins ynni eðlilega á árinu 2000. M.a. var vélbúnaður endurnýjaður og hugbúnaður margreyndur.

Húsnæðismál.

Söfnunarsjóðurinn flutti í nýtt húsnæði að Skúlagötu 17 þann 23. ágúst 1999. Þar samleigir sjóðurinn með embætti ríkistollstjóra. Öll aðstaða hefur batnað verulega fyrir sjóðfélaga sem og starfsfólk. Staðsetning skrifstofu er með þeim hætti að auðvelt er nálgast hana og njóta þjónustu hennar.

Ímynd og merki fyrir Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda átti 25 ára starfsafmæli síðast liðið haust. Þrátt fyrir það hefur sjóðurinn aldrei haft merki eða logo. Oft hefur verið rætt um að útbúa merki fyrir sjóðinn. Á stjórnarfundum nú í janúar var ákveðið að leita til þess bærra aðila og láta útbúa merki fyrir sjóðinn. Jafnframt var ákveðið að yfirfara almennt kynningarefni sjóðsins m.a. með því að setja upp heimasíðu. Gert er ráð fyrir að hún verði tilbúin nú á næstunni. Slóðin er www.sl.is.

Rekstur og fjárfestingar 1999.

Á árinu 1999 greiddu 16.619 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins. Iðgjöld voru alls 690,4 m.kr. án séreignadeildar sem er 36,0% hækkun frá fyrra ári, en þá námu þau 507,8 m.kr. Hækkun iðgjalda stafar af hækkun launa og auknum fjölda sem hefur kosið að greiða til sjóðsins eða samið sig að honum. Heildarfjöldi sjóðfélaga í árslok 1999 var 97.726 og heildarstigafjöldi til lífeyrisréttar er reiknaður 144,7 þús. stig. Virkir sjóðfélagar voru á síðasta ári 7.648. Virkir sjóðfélagar eru meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiða mánaðarlega til sjóðsins. Hefur þeim fjölgað um 13,4%.

Áfram var haldið að koma þeim á lífeyri sem ekki höfðu sótt um hann en náð tilsettum aldri. Jafnframt vegna styrkrar stöðu sjóðsins voru lífeyrisgreiðslur auknar, eins og áður hefur verið getið. Leiddi það m.a. til þess að lífeyrisgreiðslur jukust um 27,3%. Námu lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga alls 120,3 m.kr. Greiddur lífeyrir skiptist þannig að barnlífeyrir nam 3,3 m.kr., ellilífeyrir 66,2 m.kr., makalífeyrir 12,8 m.kr. og örorkulífeyrir 38,0 m.kr. Lífeyrisþegar voru samkvæmt skilgreiningu Fjármálaeftirlits 1243 árið 1999 en 908 árið 1998. Fjölgaði lífeyrisþegum því um 335 eða 36,9% frá fyrra ári.

Ráðstöfunarfé sjóðsins 1999 samkvæmt sjóðstreymi var 3.235,4 m.kr. og hækkaði um 41,0% frá árinu áður. Sjóðurinn fjárfesti í skuldabréfum, erlendum hlutabréfasjóðum og innlendum hlutabréfum í samræmi við stefnu stjórnar. Gerður var samningur við Búnaðarbankann verðbréf um ávöxtun 300 m.kr. fyrir sjóðinn. Skilaði það sjóðnum 22,3% nafn-ávöxtun. Jafnframt voru veitt lán til sjóðfélaga á ný en frá 1. janúar 1998 höfðu sjóðfélagar möguleika á lánveitingum frá sjóðnum. Lánin eru veitt gegn fasteignaveði og eru til 8-20 ára. Þau eru verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og eru vextir nú 5,5%.

Fjárfest var í innlendum skuldabréfum fyrir 1.634,6 m.kr. sem skiptist þannig að keypt voru skuldabréf banka, sparisjóða og fjárfestingarlánasjóða fyrir 538,0 m.kr., skuldabréf annarra fjármála fyrirtækja, s.s. eignarleigufyrirtækja, fyrir 39,9 m.kr., skuldabréf sveitarfélaga fyrir 121,8 m.kr., skuldabréf fyrirtækja fyrir 143,2 m.kr. Lánveitingar til sjóðfélaga námu 41,3 m.kr. Þá keypti sjóðurinn skuldabréf Íbúðalánasjóðs þar meðtalin húsbréf fyrir 551,6 m.kr. þ.e. 17,0% af heildarfjárfestingum sjóðsins. Einnig lagði sjóðurinn Landsbanka Íslands hf. til 198,9 m.kr. vegna fjármögnunar Heimilislána bankans. Skuldabréf sjóðsins eru öll verð- eða gengistryggð og bera vexti á bilinu 4,4-11,0%.

Stjórn Söfnunarsjóðsins ákvað á fyrri hluta árs 1996 að semja við Kaupþing hf. um umsjón með innlendum hlutabréfaviðskiptum samkvæmt fyrirfram markaðri stefnu stjórnar. Hefur það samstarf gengið ágætlega og skilaði sjóðnum 44,5% ávöxtun hlutabréfasafnsins 1999. Á sama tíma hækkaði Hlutabréfavisitala aðallista VPÍ um 47,3%. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda lagði 283,4 m.kr. til fjárfestinga í hlutabréfum, þar með talið er þátttaka sjóðsins í kaupum á hlutabréfum ríkissjóðs í FBA.

Fjárfest var í erlendum hlutabréfasjóðum og erlendum hlutabréfum fyrir 557,7 m.kr. Sjóðurinn lagði til Commerz International Capital Management í Frankfurt 50,0 m.kr. Schroder Investment Management 73,1 m.kr., Alliance Capital Mangament 217,3 m.kr. Scudder Investment 97 m.kr og Fidelity 70 m.kr. Jafnframt var ákveðið síðari hluta ársins að flytja fjármuni sjóðsins frá Commerz International Capital Management til vegna breyttra áhersla þeirra til Morgan Stanley Dean Witter. Auk fjármuna frá Commerz International lagði sjóðurinn Morgan Stanley til 50,3 m.kr. Ávöxtun fjármuna erlendis var almennt góð en eignir sjóðsins erlendis skiluðu 32,4% raunávöxtun. Er það mjög góð ávöxtun þar sem mikil áhersla

var lögð á erlendar fjárfestingar 1999 og nýfjárfestingar sjóðsins þar næstum jafnháar eignum hans erlendis í lok árs 1998. Gert er ráð fyrir að aukin áhersla verði á fjárfestingar erlendis þar sem möguleikar til fjárfestingar innanlands hafa minnkað.

Raunávöxtun eigna sjóðsins 1999 er, samkvæmt ársreikningi, 10,5% umfram vísitölu neysluverðs samanborið við 6,6% 1998. Ávöxtun að frádregnum rekstrarkostnaði er 10,3% samanborið við 6,4% 1998. Rekstrarkostnaður sjóðsins var 2,9% af iðgjöldum, og 0,12% af eignum sjóðsins í árslok. Kostnaður á hvern virkan sjóðfélaga var 1999 2.617 kr.

Rekstur Söfnunarsjóðsins var að öðru leyti með líku sniði og 1998. Aukin áhersla var lögð á að upplýsa sjóðfélaga um starfsemi sjóðsins og þá möguleika sem sjóðurinn býður upp á. Ársfundur sjóðsins var haldinn 26. maí. Var hann því miður ekki fjölsóttur en vonandi verður breyting á þegar fram líða stundir. Einnig var, í maí 1999 öllum sjóðfélögum sendar upplýsingar um réttindi hvers og eins. Stjórnin hélt 11 bókaða fundi á árinu. Fjórir starfsmenn eru í fullu starfi og einn í hálfu.

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1999 með undirskrift sinni.

Reykjavík 5. maí 2000

Magnús Pétursson
formaður

Arnar Sigurmundsson

Gunnar Gunnarsson

Halldór Björnsson

Hrafn Magnússon

Margeir Daníelsson

Þorgeir Eyjólfsson

Sigurbjörn Sigurbjörnsson
framkvæmdastjóri

Gunnar H. Hall
ríkisbókari

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Við höfum endurskoðað ársreikning Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 17. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda Söfnunarsjóðsins og lagður fram í samræmi við lög og starfsskyldur þeirra. Ábyrgð okkar felst í því að láta í ljós álit á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Söfnunarsjóðsins á árinu 1999, efnahag 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 5. maí 2000

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Grétar B. Guðjónsson